

**Vinnustaðasamningur
um störf bifreiðastjóra
hjá Samskipum**

1.0 Gildissvið og forsendur

- 1.1 Samningur þessi er vinnustaðasamningur (fyrirtækjasamningur) um störf félagsmanna Eflingar-stéttarfélags, vegna aksturs í þágu Samskipa hf og dótturfélaga.
- 1.2 Samningurinn gildir um stjórnendur eftirtalinna bifreiða og tækja:
Flutningabílar þar sem krafist er meiraprófsréttinda, dráttarbílar með eða án flutningavagna með gámalyftu eða vögnum til þungaflutninga og vörubíla.
- 1.3 Vinnustaðasamningur þessi er byggður á 5. kafla kjarasamnings SA og Eflingar-stéttarfélags um fyrirtækjapátt kjarasamninga.

2.0 Almenn ákvæði

- 2.1 Sérstakir frídagar (mánudag til föstudags) greiðast með yfirvinnukaupi auk fastra dagvinnulauna ef unnið er á frídegi.
- 2.2 Þar sem ekki er unnið á vöktum eiga bifreiðastjórar kost á því að breyta unnum yfirvinnutíma í frí á dagvinnutímabili á þann hátt, að ein klst. í yfirvinnu jafngildir 1,8 klst. í dagvinnu (8 klst. dagvinna svarar til 4,44 klst. yfirvinnu). Óskum um slíka frídaga skal koma á framfæri við yfirmann eigi síðar en á hádegi næsta unnin dag á undan. Komi fram óskir frá fleirum en hægt er að verða við, til þess að sinna nauðsynlegum verkefnum daginn eftir, skal yfirmaður láta þá ganga fyrir sem lengst hafa unnið í undangenginni viku.
- 2.3 Yfirmaður ákveður skiptingu yfirvinnu hverju sinni milli einstakra starfsmanna. Leitast skal við að jafna yfirvinnu milli bifreiðastjóra svo sem kostur er, hvort heldur sem er í vaktavinnu eða almennri vinnu. Trúnaðarmenn hafa rétt til að gera skriflegar athugasemdir um skiptingu yfirvinnu.

3.0 Vaktavinna

- 3.1 Heimilt er að setja á vaktir, er taki til hluta starfsmanna eða allra starfsmanna sem geta verið allt að 12 klukkustunda langar.

Vinnutilhögun á 8 tíma vöktum er t.d.

Dagvakt	kl. 07:55 – 16:00
50 mínútna neyslutími á tímabilinu	kl. 11:30 – 13:30
Kvöldvakt	kl. 16:00 – 24:00
50 mínútna neyslutími á tímabilinu	kl. 18:30 – 20:30
Næturvakt	kl. 24:00 – 08:00
50 mínútna neyslutími á tímabilinu	kl. 03:30 – 05:00

- 3.2 Heimilt er að setja á annað vakta fyrirkomulag, fyrir einstaka starfsmenn, ef það hentar á ákveðnum leiðum og er þá hægt að hefja vaktir á öðrum tímum en ofangreindir t.d. frá kl. 07:00 að morgni eða frá kl. 14:00.

Vaktaálag fyrir reglubundna vaktavinnu reiknast út á þessum grunni:

36% álag á tímabilið kl. 16:00 – 00:00 mánud. til föstud.
60% álag á tímabilið kl. 00:00 – 08:00 alla daga
55% álag á tímabilið kl. 08:00-00:00 laugardag og sunnudag.

Sé vaktavinna tekin upp til a.m.k. 15 vikna reiknast sama álag á nætur og helgarvaktir þ.e 55%.

Vaktavinna laugardaga og sunnudaga er háð sérstöku samkomulagi milli aðila.

- 3.3 Hvert vaktatímabil skal hefjast á mánudegi. Þetta á einnig við um 3.2. Það verði styst 4 vikur, en 4 vikna fyrirvara skal hafa við upptöku og slit vakta. Á það jafnt við einstaklinga sem hópa. Hafa skal 4 vikna fyrirvara á slitum vakta einstaklinga og hópa hafi viðkomandi verið á vakt í 12 mánuði eða meira. Ef

einstaklingur er færður á milli vakta skal það gert með viku fyrirvara. Ef ekki er hægt að verða við þessu greiðist það sem á vantar vikuna með yfirvinnutaxta og vaktaálagi í stað dagvinnutaxta og vaktaálags.

Séu vaktir skipulagðar lengri en 10 tímar í senn fá starfsmenn 15 mín. vinnuhlé til viðbótar við neysluhlé sem um getur í grein 3.1.

- 3.4 Sérstakir frídagar (mánudaga - föstudaga) greiðast með yfirvinnukaupi auk fastra dagvinnulauna með vaktaálagi. Stórhátíðardagar greiðast með stórhátíðarkaupi auk fastra dagvinnulauna með vaktaálagi.
- 3.5 Ef vaktavinnumenn eru kallaðir út til aukavinnu skal það gert með eins góðum fyrirvara og kostur er hverju sinni.

4.0 Dagvinna

- 4.1 Virkur vinnutími í dagvinnu á viku skal vera 37 klst og 5 mín á tímabilinu 07:00-17:00.
- 4.2 Vinnutími bifreiðastjóra telst frá því þeir koma til vinnu samkvæmt kvaðningu yfirmanns og þar til hann hættir vinnu að frádregnu matarhléi á tímabilinu kl. 11:30 til 13:30. Bifreiðarstjórar skrá vinnutíma sinn sjálfir ef óskað er og með þeim hætti er yfirmaður ákveður.
- 4.3 Eins fljótt og kostur er skal bifreiðastjórum tilkynnt ef vinna á lengur en til kl. 16:00, hvar vinna á og hverjir, svo og áformuð verklok. Bílstjórar sem ekki óska að vinna kvöldvinnu, skulu þá strax tilkynna það yfirmanni.

5.0 Mötuneyti, fæðis- og dvalarkostnaður

- 5.1 Bifreiðastjórar sem vinna innan ráðningastaðar/starfsstöðvar skulu njóta sömu réttinda til neysluhléa og aðgangs að mötuneytum og aðrir starfsmenn á viðkomandi starfsstöð.
- 5.2 Bifreiðastjórar sem vinna utan ráðningarstaðar/starfsstöðvar hafa rétt á matarmiðum/úttektarkorti sem Samskip hf eða samstarfsfyrirtæki Samskipa gefa út. Úttekt miðast við mat skattstjóra á fæðispeningum hverju sinni (nú kr. 635 á dag) og greiða bifreiðastjórar skatt af þeim hlunnindum samkvæmt reglum skattstjóra hverju sinni.
Hver miði/úttekt með korti, er til greiðslu á einni máltíð í mötuneytum fyrirtækisins og gildir einnig til úttektar á ákveðnum stöðum úti á landi. Er fjárhæð úttektarheimildar á stöðum úti á landi samkvæmt samningi og vinnureglum Samskipa um slíkar matarúttektir.

Starfsmaður ábyrgist með undirskrift sinni (nafn og kennitala) á úttektarnótur að virða þær heimildir og notkunarreglur/vinnureglur um úttektarheimildir sem gilda hverju sinni. Bifreiðastjóra skal úthlutað sem samsvarar einni máltíð fyrir hverja 8 klst vinnuvakt, ef vinnuvakt er lengri en 8 klst skal úthlutað sem samsvarar tveimur máltíðum.

Í þessum tilfellum gildir ekki ákvæði gr. 3.4. um fæðispeninga í aðalkjarasamningi Eflingar – stéttarfélags.

- 5.3 Þegar bifreiðastjóri er staddur utan ráðningastaðar/starfsstöðvar skal Samskip sjá honum fyrir gistingu honum að kostnaðarlausu. Bifreið búin svefnhúsi telst til fullnægjandi gistiaðstöðu svo fremi bifreiðin sé búin olíukyndingu og að ekki sé verið að vinna við losun og lestun. Ekki skal þó gist í bifreið þegar önnur og betri gistiaðstaða er fyrir hendi á staðnum þegar bifreiðarstjórinn er kominn á hvíldartíma. Ekki er gert ráð fyrir að bifreiðastjórar á föstum áætlanaleiðum gisti í bifreiðum, heldur skulu Samskip sjá þeim fyrir annarri gistiaðstöðu í ferðum. Bifreiðastjórum skal eftir föngum tryggð aðstaða til hvíldar á hvíldartímum.

6.0 Vinnufatnaður

Starfsmönnum skal lagður til sá vinnufatnaður og persónuhlífar/öryggisfatnaður sem ber að klæðast samkvæmt reglum fyrirtækisins á hverju vinnusvæði og skilgreiningum Vinnueftirlits Ríkisins á nauðsynlegum fatnaði/persónuhlífum eftir þörfum hverju sinni

Allur vinnufatnaður/persónuhlífar skulu skráðar á nafn starfsmanns. Starfsmanni ber að skila ónothæfum vinnufatnaði / persónuhlífum /stígvélum /öryggisskóm fyrir nýja. Allur vinnufatnaður/persónuhlífar sem fyrirtækið afhendir starfsmönnum er eign þess og skal starfsmaður skila öllum slíkum fatnaði við starfslok en greiða kostnaðarverð ella skv. mati er taki mið af notkunartíma. Láti starfsmaður af starfi innan mánaðar

frá upphafi starfstíma greiðir hann helming kostnaðarverðs úthlutaðs vinnufatnaðar / persónuhlífa og er andvirði þess dregið af launum starfsmanns. Starfsmanni er óheimilt að klæðast þessum fatnaði utan vinnusvæða og/eða í eigin tíma. Heimilt er þó að nota fatnaðinn á leið til og frá vinnu.

- 6.1 Þegar bifreiðastjóri hefur störf hjá Samskipum er honum úthlutað þeim vinnufatnaði sem starfið krefst, þ.e. samfestingur eða buxur og bolur, vetrargalli og mittisjakki. Vinnufatnaðurinn er eign Samskipa og ber starfsmanni að skila honum til yfirmanns þegar hann lætur af störfum, óháð því hversu lengi hann hefur starfað hjá fyrirtækinu. Skili starfsmaður ekki fatnaðinum skal andvirði hans haldið eftir af launum. Samskip sér um þrif á samfestingum sem starfsmönnum hefur verið úthlutaður. Þegar endurnýjunar er þörf skal starfsmaður skila inn ónothæfum vinnufatnaði fyrir nýjan hjá yfirmanni.
- 6.2 Bifreiðastjórar sem af öryggisástæðum þurfa á sérstökum öryggisskóm að halda skulu fá slíka skó til afnota endurgjaldslaust. Í sérstökum tilvikum fá bifreiðastjórar einnig úthlutað öryggiskuldaskóm til afnota endurgjaldslaust. Þegar endurnýjunar er þörf skal bifreiðastjóri skila ónothæfum skóm fyrir nýja. Bifreiðastjórar eiga þó að hámarki rétt á einu skópari á ári.

7.0 Starfsreynsla

- 7.1 Við mat á starfsreynslu til launaprepa skal taka tillit til starfa við akstur sambærilegra tækja.
- 7.2 Haldin skal skrá yfir starfsaldur starfsmanns og skal trúnaðarmaður stéttarfélags hafa fullan aðgang að slíkri skrá ásamt gögnum sem hún byggir á. (Vottorð um fyrri störf o.s.frv)

8.0 Meginverksvið

- 8.1 Meginverksvið bifreiðastjóra er akstur og umsjón flutningatækja Samskipa. Bifreiðastjóri skal framfylgja reglum um notkun ökurita og skal í samráði við sinn yfirmann passa upp á aksturs- og hvíldartíma samkvæmt reglum þar um. Starfsmanni er óheimilt að vinna sambærileg störf utan vinnutíma, og önnur þau störf sem áhrif geta haft á starfsgetu hans og hæfni til aksturs ökutækja.

Bifreiðastjóri skal sjá um þrif og umhirðu flutningatækja og sjá til þess að þau séu ávallt í sem bestu ásigkomulagi. Bifreiðastjóri skal skipta um bílaða smáhluti, hjólbær

ða og annast smurningu, eða sjá til þess að það verði gert, og gera annað það sem nauðsynlegt er til að tryggja rekstraröryggi bifreiðarinnar. Bifreiðastjóri skal sjá um lestun og losun flutningatækja sem hann stjórnar hverju sinni, sé þess óskað. Bifreiðastjóra er skylt, gegn hinu samningsbundna mánaðarkaupi, að vinna þau störf sem vinnuveitandi þeirra felur þeim og samrýmt geta starfshæfni þeirra og réttindum. Auk venjulegrar vinnu við stjórn bifreiðar er hér um að ræða störf sem lúta að viðhaldi á eða utan verkstæðis.

Bifreiðastjóri skal vera reiðubúinn að veita almenna upplýsingagjöf og þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækisins og skal kappkosta að sýna frumkvæði, kurteisi og þjónustulund og tileinka sér fagleg vinnubrögð fyrirtækinu til framdráttar.

9.0 Námskeið

- 9.1 Sæki bifreiðastjóri réttindanámskeið með samþykki vinnuveitanda skal ekki koma til skerðinga á föstum mánaðarlaunum, enda nýtist námskeiðið starfsmanni í starfi sínu hjá viðkomandi vinnuveitanda og fyrir liggur hvaða kostnaður er námskeiðinu samfara. Vinnuveitandi greiðir jafnframt námskeiðsgjald, en heimilt er að skilyrða greiðslu námskeiðsgjalds því að starfsmaður greiði hluta þess til baka segi hann upp störfum og hætti innan 6 mánaða frá því að námskeiði lauk, og skal liggja fyrir skriflegt samþykki beggja aðila þar að lútandi. Endurgreiðslan er þá hlutfallsleg miðað við þann tíma sem eftir er af 6 mánaða tímabilinu.

10.0 Kauptaxtar

- 10.1 Kauptaxtar eru skv. kaupgjaldsskrá í aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Við upphaf kjarasamnings greiðist fyrir eftirfarandi störf skv. meðfylgjandi launaflokkum:

Flokkur 10 Flutningabílar þar sem krafist er meiraprófsréttinda

Flokkur 13 Flutningabílar / dráttarbílar með eða án flutningavagna með gámalyftu eða vögnum til þungaflutninga og vörubíla.

Flokkur 14 Bílstjórar með ADR réttindi sem nýtast í starfið. Hafi bílstjóri við undirritun þessa samnings verið með aðrar sérgreiðslur vegna ADR aksturs þá haldast þær óbreyttar.

- 10.2 Laun greiðast mánaðarlega inn á bankareikning viðkomandi starfsmanns í banka/bankaútibú að hans vali síðasta dag mánaðar og launaseðlar sendir starfsmönnum rafrænt sama dag.
- 10.3 Vaktaskiptaálag reiknast 16,875 % af grunnlaunum vegna kaupa á 45 mínútna neyslutíma og þvottatíma á dag.
- 10.4 Greiddur er sérstakur ábati á hverja unna klst. Greidd er sama upphæð hvort sem um er að ræða dagvinnu-eða yfirvinnutíma. Ábati er fer í kr 225 á hverja unna klst, 1. febrúar 2023. Þessi upphæð hækkar í samræmi við umsamdar almennar hækkanir skv. aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins

11.0 Orlof

- 11.1 Í orlofi greiðast allar fastar greiðslur svo sem föst yfirvinna, aðeins er lagt inn á orlofsreikning orlof af óreglulegri yfirvinnu starfsmanns.

12.0 Öryggismál

- 12.1 Samskip skulu í samvinnu við starfsmenn skipuleggja öryggis- og slysavarnir á vinnustað. Brot á öryggisreglum (þ.m.t. hvíldartímareglum), kann að leiða til brottrekstur, skv. ákvæðum kafla 7.3.2 aðalkjarasamnings. Öryggisnefndir fyrirtækisins fjalli um öll mál, er að öryggis- og hollustuháttum lúta.

13.0 Gildistími

- 13.1 Samningur þessi tekur gildi um leið og aðalkjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Gildistími er ótímabundinn. Samningur þessi er uppsegjanlegur skv. Grein 5.9 í aðalkjarasamningi milli Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Samningur þessi um störf bifreiðarstjóra, ásamt aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags gildir um öll launakjör, réttindi og skyldur starfsmanna Eflingar-stéttarfélags hjá Samskipum. Þar af leiðandi falla úr gildi allir eldri munnlegir samningar.

Bókun

Atvinnurekandi getur kallað til bifreiðastjóra til aðstoðar við losun og lestun annarra flutningstækja en þeirra sem bifreiðastjóri stjórnar hverju sinni.

Bókun

Leitast verður við að bjóða bifreiðastjórum upp á námskeið og þjálfun sem eflir þá og eykur hæfni þeirra til að sinna störfum sínum. Horft verði til almennrar menntunar starfsmanna, fræðslu á sviði öryggismála en einnig lögð áhersla á þjálfun í meðferð tækja og búnaðar tengt flutningatækjum.

Bókun

Aðilar eru sammála um að ef starfsmaður lendir í vinnuslysi verði leitast við eins og hægt er að starfsmaður þurfi ekki að leggja út fyrir kostnaði sem Samskip eiga að greiða

Reykjavík 07.03.2023

f.h. Samskipa

f.h. starfsmanna / Eflingar stéttarfélags